

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

15. fundur, haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 27. febrúar 2018, kl. 17:00

Fundinn sátu: Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Þór Ólafsson, Hulda Árnadóttir, Bergþóra Kristín Yngvarsdóttir, Sólveig Jónsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Inga Valdís Tómasdóttir og Berglind Pétursdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Árnadóttir

1. Erindi frá landsliðsþjálfurum í áhaldafimleikum kvenna – til samþykktar

Óskað er eftir fjárveitingu til að kalla inn alþjóðlega dómara eða eftir atvikum D-dómara til dómgæslu í aðdraganda alþjóðlegra verkefna.

Sólveg greinir frá því hvernig hún sér fyrirkomulagið fyrir sér og að hún telji rétt að það eigi bæði við um landsliðsæfingar kvenna og karla. Fram kemur að rétt sé að landsliðsþjálfarar vinni verkefnið í samráði við skrifstofu FSÍ. Hún greinir jafnframt frá því hver kostnaðurinn muni vera.

Erindi samþykkt.

2. Erindi frá fimleikadeild Aftureldingar – til samþykktar

Óskað er eftir að drengur sem æfir með 5. flokki stúlkna fái heimild til að keppa með þeim.

Samþykkt að umræddur drengur fái heimild til að keppa með 5. flokki stúlkna á yfirstandandi æfingatímabili. Jafnframt ákveðið að taka reglurnar til skoðunar á næsta fimleikabingi með tilvik af þessum toga í huga.

3. Erindi frá Fimleikafélaginu Björk og fimleikadeild Ármanns – til samþykktar

Óskað er eftir heimild til að senda sameiginlegt lið á bikarmót í frjálsum æfingum karla. TK hefur þegar samþykkt erindið af sinni hálfu.

Erindi samþykkt. Jafnframt ákveðið að taka til skoðunar reglur um kröfur móta í áhaldafimleikum karla með hliðsjón af reglum um kröfur móta í þrepum í áhaldafimleikum kvenna.

4. Erindi frá Heilbrigðisnefnd – til samþykktar

Óskað er eftir því að FSÍ standi straum af greiðslu ferðakostnaðar fyrir fyrirlesara í örfyrirlestrarröð nefndarinnar svo félög á landsbyggðinni standi ekki höllum fæti gagnvart félögum á höfuðborgarsvæðinu.





Erindi samþykkt.

5. Boð á NEM 2018 – til samþykktar

Sólveig greinir frá fyrirleggjandi drögum að boði, þeirri vinnu sem átt hefur sér stað og stöðu mála að öðru leyti.

Afreksstjóri FSÍ fylgir málinu frekar eftir og gerir grein fyrir áætluðum kostnaði.

Samþykkt að senda fyrirleggjandi drög á tækninefndir til yfirlstrar og athugasemda en óskað eftir því að tækninefndir hraði yfirferð eins og kostur er þannig að unnt verði að senda boðið út til viðeigandi aðila í vikulok.

6. Fjárhagsáætlun fyrir EM 2018 – til upplýsingar

Afreksstjóri FSÍ fer yfir fyrirleggjandi drög að fjárhagsáætlun.

7. Fundarboð frá UEG – „3rd UEG Communication Seminar“ – til samþykktar

Sólveig fer yfir efni fundarins og telur mikilvægt að fundurinn verði sóttur af hálfu FSÍ. Hún fer jafnframt yfir áætlaðan kostnað við að senda tvo fulltrúa.

Samþykkt að FSÍ sendi tvo fulltrúa á fundinn að því gefnu að kostnaður við það fari ekki yfir 100 þúsund krónur. Enn fremur er ákveðið að þeir fulltrúar sem fara muni í framhaldinu standa fyrir kynningarfundum um efnið fyrir aðildarfélög sambandsins.

8. Ábending frá RÚV vegna RIG – til upplýsingar

Sólveig greinir frá efni ábendingarinnar.

Hlín telur að ferla þurfi skipulag móta af þessum toga og með því væri unnt að koma til móts við allt sem fram kemur í ábendingu RÚV. Þá tekur hún fram að skort hafi verulega upp á samskipti í tengslum við mótshaldið sem hafi skapað ákveðin vandamál.

Sólveig leggur til að FSÍ og Fimleikaráð Reykjavíkur fundi vegna málsins svo unnt sé að koma skipulagi að þessu leyti í viðunandi horf til framtíðar litið.

Samþykkt að boða til slíks fundar.

9. Norræni formanna- og framkvæmdastjórafundurinn í Feneyjum – til upplýsingar





Sólveig upplýsir að koma formanns og framkvæmdastjóra FSÍ hafi verið boðuð á fundinn. Sólveig gerir grein fyrir þeim málefnum sem hún hyggst leggja til að verði rædd sérstaklega á fundinum og óskar eftir frekari hugmyndum í því sambandi.

10. Þing FSÍ – breyting á dagsetningu – til samþykktar

Samþykkt að þingið verði haldið laugardaginn 9. júní 2018.

11. Afmælisýning FSÍ – ákvörðun dagsetningar – til samþykktar

Samþykkt að afmælisýningin verði haldin laugardaginn 8. september 2018.

12. Önnur málefni – til upplýsingar og umræðu

- Íslandsmót FSÍ í áhaldafimleikum
- EuroGym 2020 – gróf fjárhagsáætlun og staða mála
- Landsliðsmál – upplýsingar um fræðslu fyrir iðkendur í úrvalshópum og fleiri atriði

Fundi slitið kl. 18:50

16. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 13. febrúar 2018, kl. 17:00

